



## Verkfræðingafélag Íslands

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Skuggasundi 1

101 Reykjavík

**Efni: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) um reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Mál nr. 154/2021.**

VFÍ fagnar því að reglugerð byggð á nýjum lögum komi fram svo fljótt eftir setningu laganna. Miðað við núgildandi reglugerðir eru framsetning einfaldari og skýrari og auðveldara að vinna eftir henni.

Reglugerðin segir til um gerð nýrra leiðbeininga og æskilegt er að þær komi fram sem fyrst. Þá er nauðsynlegt að endurgera leiðbeiningar um umhverfismat sem gefnar voru út árið 2005. Mikið hefur breyst frá þeim tíma og kjörið tækifæri er til að endurvinnna leiðbeiningar nú þegar ný heildarlög hafa tekið gildi. Þá telur VFÍ talsverðan ávinning fólgin í því að setja staðla um gögn sem þarf að afla vegna umhverfismats framkvæmda og umhverfisskýrslu áætlana.

Væntingar standa til að forsamráð bæti skipulags- og matsferli og leyfisveitingar framkvæmda. Útfærsla á forsamráði í reglugerðinni er ekki ítarleg og ætlunin er að gefa út nánari leiðbeiningar. Líklegt er að reynslan þurfi að sýna hvernig forsamráð muni nýtast. Það býður upp á tækifæri til að koma strax að áherslum fagaðila og hjálpa til við að vinna aðalatriði frá minna mikilvægum þáttum og koma í veg fyrir tvíverknað. Tryggja þarf að forsamráð verði ekki viðbótarskref í gerð umhverfismats, heldur valkvæð leið til að auka fyrirsjáanleika og skilvirgni í stærri og flóknari verkefnum, sérstaklega þar sem margar opinberar stofnanir koma að málum. Forsamráð getur í slíkum tilfellum skýrt í upphafi matsferils verkaskiptingu milli stofnana, ólíkar áherslur og sýn. VFÍ telur að koma ætti skýrar fram í reglugerðinni að forsamráð verði nýtt til að vinna umhverfisþætti sem skoðaðir eru í umhverfismati.

Miklar vonir eru bundnar við gagna- og samráðsgátt og því er fagnað að Skipulagsstofnun setji upp slíka gátt fyrir verkefni á hennar vegum. VFÍ ber væntingar til að samráðsgáttin muni í framtíðinni hýsa fleiri leyfisferli og málsmeðferðir. Gáttin verði þá sniðin að notendum og geymi allar upplýsingar um tiltekið skipulag eða framkvæmd, óháð því hvaða stofnun vinnur tiltekinn hluta eða hvaða lagabálgur liggur þar að baki. Þetta þarf að hafa í huga við gerð samráðsgáttar og hún unnin þannig að hægt verði að útfæra hana í framtíðinni. VFÍ hafa áður bent á að skilja þarf á milli umsagnarhlutverks opinberra aðila annars vegar og þess að vera leyfisveitandi hins vegar. Einnig þarf að skerpa á hlutverki opinberra stofnana, þannig að þær geti ekki bæði verið umsagnaraðilar og ráðgjafar við umhverfismat í samkeppni við aðila á frjálsum markaði. Nú, þegar ný lög hafa tekið gildi, verða tekin upp breytt vinnubrögð og því er kjörið tækifæri til að ganga í að endurskoða hlutverk og verkefni stofnana varðandi umhverfismat.

Reykjavík, 3. september 2021.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.